

## AUGLÝSING

### (V) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

#### 1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 604 frá 3. júlí 2017 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2017/2018 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélögum:

#### **Norðurþing.**

Ákvæði reglugerðar nr. 604/2017 gilda um úthlutun byggðakvóta Raufarhafnar og Kópaskers með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan *sveitarfélagsins* á tímabilinu 1. september 2016 til 31. ágúst 2017.
- b) Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Afli af fiskiskipum sem landað er í *sveitarfélagi* af bátum sem ekki eru skráðir innan viðkomandi *sveitarfélags* á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.
- c) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan *sveitarfélagsins* á tímabilinu frá 1. september 2017 til 31. ágúst 2018.

#### **Sveitarfélagið Hornafjörður.**

Ákvæði reglugerðar nr. 604/2017 gilda um úthlutun byggðakvóta Sveitarfélagsins Hornafjarðar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal 15% úthlutaðs byggðakvóta skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar, þó ekki meira í þorskígildum talið en viðkomandi bátur landaði í þorskígildum talið á fiskveiðiárinu 2016/2017. Því sem eftir stendur af byggðakvóta skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan *sveitarfélagsins* á tímabilinu 1. september 2016 til 31. ágúst 2017.

#### **Vopnafjarðarhreppur.**

Ákvæði reglugerðar nr. 604/2017 gilda um úthlutun byggðakvóta Vopnafjarðar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, skal skipt þannig: byggðakvóti skiptist jafnt milli báta undir 1.000 brúttótonnum, sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og skráð voru á Vopnafirði 1. júlí 2017.

**Sveitarfélagið Ölfus.**

Ákvæði reglugerðar nr. 604/2017 gilda um úthlutun byggðakvóta Þorlákshafnar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, *á þann veg að 35% byggðakvóta Þorlákshafnar skal skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar en 65% byggðakvótans í Þorlákshöfn skal skipt hlutfallslega á þau sömu skip, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, á tímabilinu 1. september 2016 til 31. ágúst 2017.*

**Árneshreppur.**

Ákvæði reglugerðar nr. 604/2017 gilda um úthlutun byggðakvóta Árneshrepps með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan Árneshrepps þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2017 til 31. ágúst 2018.
- b) Ákvæði 2., 4. og 8. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar falla brott.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 26. febrúar 2018.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Jóhann Guðmundsson.**

\_\_\_\_\_  
*Annas Jón Sigmundsson.*